

**Nd.**

**418. Nefndarálit**

um frv. til l. um framlenging á gildi laga nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Á undanförnum árum hefur Vestmannaeyjakaupstaður haft heimild til að afla fjár í bæjarsjóðinn með sérstöku vörugjaldi, og er lagt til í þessu frv., að sú heimild verði framlengd til ársloka 1944.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frv., en nefndarmenn eru ósammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir telja, að þótt Vestmannaeyjakaupstað hafi verið veitt sérstök heimild til að afla tekna með þessum hætti að undanfögnu, séu ástæður nú svo breyttar, að kaupstaðurinn geti komið af án þessa tekjustofns, eigi síður en önnur bæjar- og sveitarfélög. Tekjur manna í Vestmannaeyjum eru nú miklu hærri en á undanfögnu árum, og því auðvelt fyrir bæjarstjórnina að ná tekjum í bæjarsjóð á venjulegan hátt, með álagningu útsvara, enda munu niðurfjöfnuð útsvör í kaupstaðnum nú miklu hærri en áður.

Meiri hluti nefndarinnar getur því ekki fallið á, að kaupstaðurinn hafi, eins og nú er ástatt, þörf fyrir þessa sérstöku heimild til tekjuöflunar, og leggur til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 8. maí 1941.

Sveinbjörn Högnason,  
form.

Skúli Guðmundsson,  
frsm.

Haraldur Guðmundsson.